



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Jóns Þránís Stefánssonar  
Skúlagötu 4.  
150 Reykjavík

Þórshöfn 17. janúar 2020

### **Efni: Sérreglur Langanesbyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðisársins 2019/2020**

Með vísan til 2. gr. reglugerðar 675/2019 frá 4. júlí 2019 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðisársinu 2019/2020 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

#### **Óskað er eftir þremur breytingum á reglugerð nr. 676/2019.**


Óskað er eftir breytingum á 1. gr. sem felur í sér að bætt verði við annarsvegar staflið (d), sem orðist svo Einungis skip sem eru minni en 300 brúttótonn fá úthlutun og hinsvegar staflið (e), sem orðist svo Víð útreikning úthlutunar byggðakvóta skal draga frá afla sem til er komin vegna veiða á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.

Einnig er óskað eftir breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar sem verði breytt þannig að orðið sveitarfélags komi í stað byggðarlags. Umrædd setning orðist því á eftirfarandi hátt. *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutadeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.* Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Rök fyrir nýjum staflið d eru að með því tryggir sveitarstjórn úthlutun á byggðakvóta til báta sem eru með áhafnir skráðar í sveitarfélaginu og tryggir með því byggð. Hvað varðar nýjan staflið e. þá er þar leitast við að jafna stöðu útgerða með því að láta sértækar aflaheimildir ekki vera grundvöll úthlutunar á hefðbundnum byggðakvóta. Að síðustu þá er breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ætlað að tryggja að ætíð sé mögulegt að landa fiski til vinnslu í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt  
f.h. Langanesbyggðar



Jónas Egilsson, staðgengill sveitarstjóra

Bréf sent með tölvupósti til Jóns Þránís Stefánssonar, (jon.stefansson@anr.is) og netfang ráðuneytisins, (anr@anr.is.)